

Velferðarnefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Kópavogur 14. maí 2019

Efni: Umsögn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022, – 771. mál

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins telur framkomna framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar vera metnaðarfulla og leggja mikilvægan grunn að þróun þjónustu við börn í nútíð og framtíð. Þó eru nokkrar áherslur sem stofnunin vill koma á framfæri og snúa að fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er miðlæg þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem starfar á þverfaglegum grunni og sinnir börnum að 18 ára aldri, hvar sem þau búa á landinu, skv. lögum nr. 83/2003. Hlutverk stofnunarinnar er meðal annars að annast greiningu og ráðgjöf vegna barna með viðtæk þroskafrávik, sinna fræðilegum rannsóknum á þessu sviði og veita börnum með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir langtímaeftirfylgd. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og þroskafrávik og fræðsla um helstu íhlutunarleiðir er enn fremur meðal hlutverka stofnunarinnar. Stofnunin vinnur í nánú samstarfi við aðrar þjónustustofnanir á landinu, þar á meðal sérfræðiþjónustu skóla, félagsþjónustu sveitarfélaga, skóla, leikskóla og heilbrigðiskerfi.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að börn með fatlanir eða frávik í taugaþroska eru í verulegri hættu á að verða fyrir ofbeldi, vanrækslu og/eða misnotkun. Álag á foreldra er oft mikið, auk þess sem margir þeirra glíma sjálfir við frávik í taugaþroska. Umönnun barnanna er að jafnaði flókin og krefjandi og hefðbundnar uppeldisaðferðir duga oft ekki til. Fræðsla og ráðgjöf til foreldra og samstarf við þá eru því afar mikilvægar í þessu samhengi og þörf á sérhæfðum leiðbeiningum og ráðgjöf í foreldrahlutverkinu. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vill því benda á mikilvægi þess að hjá félagsmálafyrvöldum og barnavernd sé til þekking á þroskafrávikum barna og gagnreynndum úrræðum á því sviði.

Þegar fötluð börn fara í fóstur er að sama skapi mikilvægt að hafa sérþarfir þeirra í huga og tryggja að fósturforeldrar fái allar upplýsingar um fötlun þeirra. Þess eru dæmi að fötluð börn hafi verið send í fóstur án þess að fósturforeldrar hafi fengið upplýsingar um fyrirliggjandi greiningar eða leiðbeiningar um umönnun eða uppeldi barnanna. Þess eru einnig dæmi að á sama fósturheimili séu fleiri en eitt fatlað barn, jafnvel frá fleiri en einu sveitarfélagi, þar sem hegðun er mjög krefjandi.


Að mati Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er því nauðsynlegt að fósturforeldrum sem taka fötluð börn í fóstur sé gefinn kostur á að sækja sérhæfð námskeið um stöðu og líðan fatlaðra barna, sem og gagnreynndar uppeldis- og íhlutunarleiðir, svo þeir geti mætt þörfum þeirra sem best. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að tryggja að börnin njóti viðeigandi þjónustu, sérstuðnings og kennslu í skólaumhverfi og frístundastarfi í því sveitarfélagi sem fósturforeldrar búa.

Til viðbótar er vert að benda á að margir erlendir fræðimenn hafa hvatt til þess að öll börn sem fara í fóstur undirgangist taugasálfræðilegt mat, til að kortleggja þroska barnanna, greina undirliggjandi vanda, færni og líðan svo betur sé hægt að mæta þörfum þeirra í fósturráðstöfuninni.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins átti ekki fulltrúa í ráðgjafarhópnum sem kom að gerð framkvæmdaáætlunarinnar en telur nauðsynlegt að í áætlunina verði bætt aðgerðum sem snúa að sérhæfðri þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Stofnunin lýsir sig tilbúna að koma á fund velferðarnefndar til að gera betur grein fyrir umsögn sinni og sjónarmiðum.

Virðingarfyllt,
f.h. Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,



Soffía Lárusdóttur, forstöðumaður